

Jón Helgi Gíslason

Febrúar 1997

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

© Krumma films ehf.

Spóla 294.

[*Jón Helgi, kallaður Donni, situr við borð og er að raða pillum í box.*]

Þetta er algert púsluspil. Þetta er sem sagt hálfsmánaðar, ég er að taka saman hálfsmánaðar lyfjaskammt. Næsta hálf mánuðinn, þetta eru svona í kringum 400 pillur sem ég borða hálfsmánaðarlega til að lifa af í þessum harða heimi [*hlær*]. Já þetta er það sem að bjargar lífi mínu, alla daga vikunnar.

Já ég hélt þú værir að klappa á mér hausinn til að róa mig niður. Svona klappa mér, mér fannst það vera svo móðurlegt. Svona móðir að klappa dreng sínum.

Svo þarf þetta að vera svo nákvæmt.

Já þetta er mál, ég þarf að taka þetta fjórum sinnum á dag, þetta eru fjögur hólf og ég þarf að taka þetta á réttum tíma og það þarf að vera rétt magn í blóðinu.

Þetta er eitt af nýjustu prótíns-alnæmislyfjunum, prótíns-innherja já hemlarar, prótínshemlarar er þetta á íslensku. Þetta er eitt af tveimur sem ég borða.

Það heldur veirunni niðri. Veiran hún hefur ekki mælst í blóðinu hjá mér í meira en hálf ár síðan ég fór að taka þessi lyf. Sem er alveg merkilegt, það má eiginlega segja að ég sé ekki með alnæmi lengur þannig séð. Ég er ekki búinn að vera, það mælist ekki. En hún liggur einhverstaðar í dvala og hún, maður tekur nú ekki sénsinn á að hætta þessu samt. En það er ekki komin nein langtíma reynsla á hvað þetta lyf gerir fyrir mig í raun og veru eða fyrir neinn sko.

Nei það hefur nefnilega ekki virkað fyrir suma. En það reynist, margir eru að fá alls konar aukaverkanir og ofnæmi og geta hreinlega engin lyf notað. Sem er náttúrulega, já þetta er ekki hvað á ég að segja, þetta reddar ekki öllum. Finnst voðalega erfitt að horfa á vini mína sem ekki geta notað þetta. En það eru alltaf að koma ný og ný lyf til landsins og á markaðinn. Það er alltaf verið að reyna að búa til nýja og nýja kokteila og það eru, þetta eru miklar framfarir ég verð nú að segja það. Ég var nú að stimpla mig út úr þessu lífi fyrir tæpu ári síðan.

Síðast þegar við töluðum saman þá átti ég nú ekki langt eftir. Þessi lyf björguðu lífi mínu þannig að ég lifi með þessu þó að mér finnst þetta leiðinlegt. Mér finnst þetta hundleiðinlegt, taka þessi lyf. Ég hef sloppið við aukaverkanir. Ég er mjög heppinn með það. Sko aðeins með taugaendabólgu í fótunum og búíð. Það er það eina sem ég hef fengið. Það er vel sloppið miðað við marga.

Þetta eru hérna Inviras, önnur prótínshemlara tegund, eitt af þessum nýju alnæmislyfjum og ég tek sem sagt 2 prótínshemlaralyf og eitt af svona gömlu lyfjunum sem kannski sver sig í ætt af AZT-flokknum en ég þoldi aldrei AZT á sínum tíma. Margir telja að það sé nú bara eitruð lyf.

Það er toxic lyf, mjög kemískt, hvað á maður að segja. Ég varð fárvei...ég missti allt blóð, ég varð blóðlaus þegar ég tók AZT. Ég lagðist inn á spítala og þurfti að fá fimm poka af blóði á sínum tíma eftir að ég var búinn að vera síðast á AZT. Ég var orðinn bara eins og vampýra ég var svo hvítur. Já ég hélt að ég ætti nóg fyrir hálfsmánaðarskammtinn, ég sé að ég á ekki, það vantar sem sagt tvo daga hérna þannig að ég þarf að hringja í lækni minn á eftir, já í vikunni helst til að panta meira sko, ég þarf alltaf, ég þarf náttúrulega að eiga þetta alltaf til taks sko. Þetta er lyf sem heitir Viramune og er svona AZT-flokknum nema orðið miklu þróaðra lyf. Ég virðist þola þetta lyf vel. Og þetta er sem sagt þessi frægi kokteill, þessi þrjú lyf.

Nei þetta er ekki eins og tvöfaldur vodki í kók.

Já ég var lengi að ná þessu. Nú er ég farinn að gera þetta nokkuð eins og ég sé, við erum að tala saman, ég er farinn að gera þetta svona nokkuð automatískt en ég var lengi í fyrstu, ég var í 1-2 klukkutíma bara að fylla á svona, eitt svona já hálfsmánaðarskammt því ég var svo lengi að hugsa bíddu já, var komin pilla þarna, og ég man að mamma var með mér í þessu fyrstu dagana, að hjálpa mér. Svo er þetta hérna lyf er, þetta er Cimovene og er við hérna vírus sem ég fékk út af alnæmi sem heitir CV-vírus. Það er svona ýmislegt sem fylgir því að vera HIV+. Það er sem sagt ekki bara HIV vírusinn það er hitt og þetta sem maður fær í kaupbæti. Þetta, já ég geri mér nú vonir, nú er heilsan að skána svo mikið að ég, með þessi lyf, að ég megi jafnvel fara af þeim einhverntímann í framtíðinni þegar T-sellurnar fara að hækka. Ég er kominn svo ofarlega í T-fumum.

Ég var með tvær T-frumur þegar verst lét, þegar ég var sem veikastur. Normal manneskja held ég að eigi að vera með í kringum 1000 T-frumur og nú er ég kominn með tæpar 300 T-frumur. Og fólk er ekki talið vera með alnæmi fyrr en undir 200 T-frumur. Þannig að ég er ekki með alnæmi. Ég veit ekki til hvers ég er að setja í þetta hérna.

Ég hef læknað já ég bara veit ekki hvað ég er að gera hérna [hlær].

Já nú ætla ég að meika það sko. Nei sko þessi sjúkdómur er búinn að kenna mér rosalega mikið bara um gildi lífsins og þroska. Já en þetta er búinn að vera hraður, þetta er búinn að vera harður skóli ég verð nú að segja eins og er sko.

Bara að, þetta gekk svo nærri mér tilfinningalega að fara svona langt. Ég fór í mikið þunglyndi þegar ég lá í veikindunum og þetta reynir á mig og fjölskyldu mína og bara hvað á ég að segja, ég er bara búinn að vera meira eða minna í tilvistarkreppu í þrjú ár mundi ég segja. Bara að

vita það að vera að fara að veikjast og svo veikjast. Vera þarna búinn að missa alveg fullt af vinum mínum og það er svo skrítið að nú er lækningin komin en ég er í nýrri tilvistarkreppu. Sko nú er ég í þeirri tilveistarkreppu að sko, hversu lengi dugar þetta? Það er ekkert vitað um framtíð þessara lyfja í raun og veru. Ég er hérna guinnypig eða sem sagt tilraunadýr. Og hérna það er svo lítið vitað um framtíðina og ég reyni nú að lifa einn dag í einu en þessi einn dagur í einu það er tilvistarkreppudagur. Mér finnst ég vera eins og í ólgusjó stundum tilfinningalega. Ég vakna svo misjafnlega og hver er ég þennan dag og hver er ég næsta dag? Mun ég lifa þetta af og hvað ber framtíðin í skauti sér og ég var að tala við vin minn um daginn og þetta er eins og grískur harmleikur með svo flókinni fléttu að það skilur þetta enginn. Þetta er svo flókið. Ég meina mér var aldrei kennt sem barni eða unglingur eða neitt ja að höndla svona sjúkdóm, skilurðu, maður telur sig bara eilífan. Svo bara bankar dauðinn, já dauðinn er búinn að banka á dyrnar oft og ég bara bað hann um að koma seinna, ég væri ekki tilbúinn. Ég tel oft þrjósku hafa bjargað lífi mínu. Ég er baráttumaður, ég er þrjóskur, ég gefst ekki svo auðveldlega upp. Já, mér finnst það eiginlega, það er svo furðulegt að mér finnst það stærra verkefni núna að höndla það að eiga lífið framundan þegar ég var næstum því búinn að sannf, nei setta mig við dauðann. Þannig að ég er svona að fara í gegnum já tilvistarkreppuástand. Ég er að spá i hvort ég eigi að t.d. að treysta mér til þess að fara að læra eitthvert langtímanám t.d. Ég er alltaf svona, ég verð svo hræddur við þá tilhugsun, ég þori ekki að binda mig, einhverjar skuldbindingar til langs tíma. Ég er svona guggna soldið. Ég finn það ég er svona lítill bóguur inni í mér sko. Ég var í ráðgjafarviðtali hjá námsráðgjafa um daginn og mér leið eins og ég væri 8 ára hjá honum. Hann var að ráðleggja mér hérna Donni minn, nú skulum við bara búa til stundatöflu sem hentar þér frá áramótunum þegar þú byrjar í skólanum og ég var já, já. Já mér leið eins og 8 ára. Ég var að byrja lífið upp á nýtt. Og það er svona tilfinning í mér. En svo er ég oft að spá hvort ég eigi að vera að taka svona stór skref. Á ég að verða 100% manneskja skilurðu, verandi búinn að ganga í gegnum svona lífsreynslu? Þetta er svona meiri krafa frá mér, mér finnst fólk í kringum mig ekkert vera að gera svona kröfur á mig en ég sem manneskja er alltaf að gera svo óheyrilegar kröfur á mig. Ég byrja strax sko um leið og ég næ heilsu þá byrja ég, jæja Donni nú ert þú búinn að liggja alveg nógu lengi í rúminu og nú er komið að skuldadögum. Bara hvað ætlarðu að gera við líf þitt? En kommon, ég þarf að vera lógískari í hugsun en, eða sem sagt ég er að koma af dauðalegu fyrir nokkrum mánuðum síðan þannig að mér finnst ég þurfa meiri tíma. Já.

Svo bæti ég þetta upp svolítið með vítamínum. Þú veist ég hef eitthvað af vítamínum svona til að veiga upp á móti öllu þessu toxic.

Nei þetta er Evrópu. Aci...þetta er sterkt hérna acidophilus fyrir meltinguna, mjög gott. Þetta er svo mikið af svona, mér finnst, toxic lyfjum svona þá er ég að reyna, ég haf alltaf sett fullt af vítamínum með í boxin mín. Ég held að það hjálpi og bara ég trúi því að það geri mér gott. Læknarnir segja ekki neitt við því. Þeir eru bara eins og þeir eru. Annars er ég heppinn með lækna. Ég er mjög ánægður með mína lækna sko eða minn læknir sko.

Haraldur Briem er mest með mig. Hefur verið með mig í 12 ár núna. Já við erum búnir að eiga í svona farsælu sambandi í 12 ár ég og Haraldur Briem.

Jú hann kallaði þetta kraftaverk. Hann tók það orð í munn sér að þetta væri eins og kraftaverk, lækningin.

Fljótlega eftir að veiran hætti að mælast og ég fór að braggast og ná aftur hérna, fór aftur upp í mína kjörþyngd. Ég var búinn að missa 25 kg af því sem ég er núna, ég er nú ekki beint í yfirvigt og ég fór að fá lit í húðina og blóðið allt í lagi og já hann talaði um kraftaverk og er búinn að segja það nokkrum sinnum. Mér finnst þetta kraftaverk líka. Ég er alveg, ótrúlegt. Rétt, já ég hérna gaf einhvernveginn aldrei upp vonina. Ég vissi náttúrulega að það væru rannsókn, það væru ný lyf á leiðinni og væru, ég beið alltaf eftir þessu lyfi innst inni, ég einhvernveginn gaf ekki upp vonina, ég beið eftir þessum lyfjum og... Hvernig mér leið...ég var að gefast upp. Ég var orðinn mjög þreyttur, ofboðslega þreyttur. Það er svo skrítið að mér fannst ég ekki geta gert fjölskyldu minni það að deyja. Það var svo merkilegt. Ég var orðinn alveg sáttur, já ég hefði getað sæst við dauðann en einhvernveginn, manni finnst maður vera svo ómissandi [*hlær*]. Ég gat ekki dáíð. Ég er svo mikill þáttakandi í stórum hópi fólks, fjölskyldu minni, vinahópi. Ég gat ekki gert þessu fólki það að deyja frá því. Ég veit ekki hvað maður á að kalla þetta. Svona ofurábyrgð, ég er ofur-ábyrgur, ég lét ofur-ábyrgð bjarga lífi mínu. Ég má ekki deyja. Get ekki dáíð í friði. Ha, það er erfitt hlutskipti að fá ekki að deyja í friði. En ég hef oft hugsað dauðinn er einfaldara mál en lífið. Lífið er svo flókið, eins og ég sagði, grískur harmleikur. Ég held að dauðinn sé mjög einfaldur leikur, einfalt leikrit þar sem maður bara deyr og er. En í lífinu veit ég aldrei hvar ég vakna næsta dag og hvaða verkefni eru framundan. Mér finnst alltaf ný verkefni framundan, áskoranir, mér finnst oft, maður fær ekki frið til að hvíla sig. Mér finnst lítil hvíld.

Já reynslan, mér finnst ég hafa orðið mikla reynslu. Ég hef líka nýtt mér þessa reynslu og ég veit það ég hef nýtt mér hana í samskiptum með annað fólk og svona. Sjálfsagt hef ég mikið að gefa ennþá og meira, ég meina ég hef meira að gefa af því ég er búinn að eignast helling, svona vitneskju. En ég er, mér finnst ég brothættur, ég er svona á brauðfótum ennþá í tilverunni en ég kem til með að nýta mér þessa reynslu einhvernveginn. Ég veit ekki hvernig það verður en... Já þetta er algjört áfall líka. Það er áfall að lifa af.

Algjör fötlun. Mér finnst viss fötlun að þurfa að taka lyf fjórum sinnum á dag. Þú veist, alltaf vera með þessi lyf á ferðalögum skilurðu. Sumt af þessum lyfjum á að vera í ísskáp. Alls staðar sem ég fer þarf ég að hafa aðgang að ísskáp og mér finnst þetta fötlun. Lyfin eru hækjan mín og ég hérna og þetta bindur mig og t.d. finnst mér bara ég er að spá í með framtíðina að í samskiptum, til að komast á séns og svona. Nú er ég í þessu viðtali t.d. kannski frammi fyrir alþjóð og hef ég, ég meina verða fordómarnir minni eða meiri ef ég tala svona opinskátt um þetta? Kemst ég á séns? Ég meina ég ætla að vona að ég sé ekki kominn í úreldingarsjóð, ha, þó ég sé með alnæmi. En hérna þetta er ofboðslega margt svona, er maður gjaldgeng, er ég gjaldgeng manneskja áfram? Persóna? Er ég hérna ástarverðugur t.d.? Get ég gefið einhverjum ást? Það er svo margt svona sem að ég spyr mig. Er ég orðinn sko kominn í úreldingarsjóð? Mig langar í ást og mig langar í samband. Mér finnst þetta hefta mig, möguleika mína. Ég veit ekki þetta er kannski í hausnum á mér en hérna ég ætla að vona að einhver geti elskað mig

Þrátt fyrir minn sjúkdóm. Það særir mig svolítið já, einhvernveginn af því það voru svo miklir fordómar í kringum alnæmi að það svona já að þetta væri hommasjúkdómur og svo m.a.s. innan hommasamfélagsins já þessi er smitaður, ekki sofa hjá þessum og þetta særir mann. Maður gengur með þennan sjúkdóm en maður á að kunna að lifa með honum og...lifa t.d. kynlífi. Ég meina mig langar að lifa kynlífi.

Nei, ég veit eiginlega ekki ennþá hvernig hugsunarhátturinn er hjá mörgum sko. Hvort það sé mikið þælt í hver sé smitaður, hver er ekki smitaður. En skilurðu ég sem persóna t.d. ég mundi vilja koma því fljótlega að ef ég myndi lenda í einhverju sambandi við einhvern karlmann, ég myndi vilja hafa sannleikann uppi á borðinu sko. En ég er hræddur við höfnun út af þessu. En afhverju þyrfti einhver að hafna manni? Ég er að spá myndi ég hafna einhverri manneskju sko ef ég félli fyrir einhverri manneskju myndi ég hafna henni ef hún hefði einhvern sjúkdóm? Skilurðu, myndi ég ekki bara elska þessa manneskju með sjúkdóminn og þú veist. En þetta er kannski bara eitthvað í mér, þetta er bara svo, þetta eru fordómar. Mér finnst hérna upplýsingarnar hérna á Íslandi vera svo mikil fáfræði um þetta, það er bara svo lítið talað um þetta sem ég er kannski að tala um núna. Það er einmitt þetta, á maður séns í samskipti, að lifa með annari manneskju. Annar aðilinn HIV+, hinn ekki eða báðir HIV+ og þetta er...mér finnst þetta svolítið stór spurning.

Já. Hommarnir líka. Þetta er brennimerking því að hérna oh...brennimerkingin kemur samt líka svolítið frá mér. Þetta er svona, ég finn fyrir sektarkennd að bera þennan vírus að einhverju leyti, ég veit ekki afhverju. Það eru svona skilaboðin í þjóðfélaginu. Já þetta er svona slæmur sjúkdómur að vera með. Þetta er ekki löglegur sjúkdómur sko þetta er eitthvað sem vont fólk fær.

Já minnihlutahópar og þetta er mér að kenna og þú veist. Ég átti bara að lifa öðru lífi en þannig bara, málin eru ekki bara svona einföld. Þetta er, ég hef áfram mína þörf fyrir nánu sambandi og snertingu við aðra manneskju án þess að eiga það á hættu að smita hana.

Já ég hef jafn miklar áhyggjur af því að smita aðra. Þetta er ekki alltaf bara spurning um að... Ég er bæði með þennan pakka að ég hafi áhyggjur af að smita aðra manneskju mögulega og ég er líka að bera pakka annara, ég er að taka ábyrgð af öðrum jafnvel þeir sem mundu kannski sýna mér áhuga að nei, ég get ekki leyft hlutunum að ganga svona langt, þetta er of mikið að bera ábyrgð á bæði honum og mér einhvernveginn. En ég, maður er að útiloka sjálfan sig í því sem kynveru, þáttakandi í hinu skemmtilega lífi, framhaldslífi. Ég veit ekki hvort að allir...ég nenni ekki að vera í þessum harmleik lengur. Þessum gríska harmleik. Mig langar út úr þessu. Ok þessar pillur verða til að minna mig á en mér finnst samt að ég eigi að geta lifað venjulegu lífi. Bara, já ég segi það bara, ég er ástarþurfi. Ég bara geri hér með játningu. Maður óskast.

Ég er nú ekkert mikið inni á krúsinu. Ég hef nú, nei ég er orðinn svo þreyttur á þessu gamla krúsi. Mig langar að, jú maður er alltaf að líta í kringum sig og hérna ég fer nú inn á þessar gay línur á internetinu. En þar eru þeir ekkert endilega að segja, ég held t.d. að engin svona rás sé þar sem er endilega HIV smitaður maður óskar eftir að kynnast en hérna maður ætti kannski

bara að stofna þannig rás fyrir HIV+ homma. Ég veit það ekki. En þetta, já ég veit ekki hvar þetta endar. En mér finnst það hálf einmannalegt líf, ég verð nú bara að segja það.

Já mér finnst það hafa rænt mann, það rændi mann svo miklu eitthvað. Gleði og svona einhverju flæði, svona að maður bara flæði sem manneskja. Þetta gerir allt svo flókið. Samt er alnæmi líka að kenna manni eitthvað en toll, já þetta eru svona andstæður, tollurinn var líka...kostirnir og gallarnir.

Já ég efast ekki um að alnæmi hafi hrist upp í réttindabaráttu homma og lesbía. Það gerði okkur sýnileg. Mjög. Ég meina í Ameríku fyrst og svo Evrópu og svo Íslandi og við vorum allt í einu sýnileg sem hópur, mjög...þetta var svona akút sýnileiki. Allt í einu var farið að jarða hommana í stórum stíl. Sýnileikinn fólst já í þessum sjúkdómi svona hryllilegum sjúkdómi en samhjálpin sem virðist nú vera til hérna á Íslandi þegar snjóflóð falla á Vestfjörðum, þjóðin stendur saman í einu og öllu, ég held ég hafi fundið fyrir samhjálpu. Já fyrstu, sko það voru bæði fordómar en um leið og fjölmiðlar töluðu um þessa fordóma þá fann maður meira fyrir skilningi og samúð. Og einmitt að samkynhneigðir fengu svoa sess og jafnvel virðingu vegna þess að Samtökin '78 voru á undan, byrjuðu með forvarnarstarf strax. Svo komu einhvernveginn heilsugæsl, heilsuapparatið á Íslandi í kjölfarið. En hérna hommarnir tóku mjög snemma ábyrgð á þessu fannst mér. Enda hefur tilfellum fækkað, smittifellum mikið fækkað hjá hommum af því við höldum svona einhvernveginn ennþá fræðslu innan okkar hóps. En fræðslan er mjög lítil úti í bæ fyrir aðra. Hommarnir halda svolítið utan um sína núna loksins. Og ennþá meina ég.

Maður getur ennþá smitast. Fólk er ennþá að smitast, það er hérna, ég heyri það bara á læknum. Ok það hefur fækkað eitthvað tilfellum en fólk er ennþá að smitast og ég held að það sé að verða tæpt ár síðan síðustu forvarnarherferðir voru og það er allt of langur tími finnst mér sem líður því nú er að koma, það kemur alltaf ný kynslóð og ekki bara það, það þarf að minna fólk á stöðugt. Mér finnst minnst, lágmark hálfárslega stórar herferðir eins og voru hérna herferðin sem var hérna fyrir júl '96, stór herferð til að minna fólk á. Já það er nú eitt, þessi lyf komu og þá telur fólk að þetta sé búið einhvernveginn, það andar léttar og æ nú er ég búinn að fá svo mikið nóg af þessum sjúkdómi eða þannig séð. Það er ekki, fólk heldur að þetta sé búið en þetta eru tilraunakokteilar meira eða minna og það er ekki búið að gefa grænt ljós t.d. á óverndað kynlíf, óvarið kynlíf meina ég og sjúkdómurinn er ennþá að grassera, fólk er að smitast. Og mér finnst einhvernveginn sko, skilaboðin hafa verið til mín svona eftir að ég fékk þessi lyf þú veist að ég eigi að vera svo ofboðslega ánægður og glaður og þakklátur, sem ég að mörgu leyti er, en ég er samt að fara í gegnum tilvistarkreppu. Fólk virðist ekki fatta það að maður fer í gegnum annað, já ég fer í gegnum annað sorgarferli. Ég var búinn að sætta mig við dauðann. Svo þarf ég að lifa, það er bara nýtt sorgarferli aftur og aftur og aftur. Ég veit ekki hvort að fólk skilji þetta en ég er að heyra þetta hjá því fólki sem ég þekki sem er smitað að kröfurnar til þeirra séu að það eigi að vera brosandir hringinn og allt er orðið gott en það er ekki svona einfalt. Ég meina maður er ennþá manneskja. Pillurnar eru bara pillurnar sko. Maður er ennþá manneskja með tilfinningalegar og sálrænar þarfir. Sko þegar maður er búinn að fara svona langt og nálgast dauðann svona þá bara poppa ég ekki upp bara sem súpermaður,

Superman, 100% þjóðfélagsþegn af því ég fékk einhverjar pillur. Já ég hef stundum á tilfinningunni að ég eigi að vera betri en ég er og þakklátari en ég ætla bara að leyfa mér að segja þetta, ég efast ennþá, ég veit ekki ennþá hvert þetta leiðir. Og þetta er sársaukafullt, þetta er ennþá sársaukafullt. Ég fer að vinna einhverja mánuði á ári úr þessari reynslu. Ok þetta er fjársjóður en ég þarf tíma, ég þarf áfallahjálp bara. Það er ekki boðið upp á neina áfallahjálp. Fólki er bara: Hérna eru pillurnar, hérna er kokteillinn og vesgú. En hvar er t.d. sálfræðiaðstoð? Ég veit varla til þess að mér hafi verið boðið sálfræðiaðstoð. Nema ég hafi leitað einhvernveginn sjálfur sérstaklega eftir henni. Það er engin sér, það er engin áfallahjálp. Já, ég ætla bara að nota þetta orð áfall, þetta er áfall að lifa og deyja og lifa og deyja, sýkjast og byrja á einhverjum kokteil og aftur og aftur og svo hafa sumir kokteilmirnir brugðist. Þetta er þriðji, ég sagði það nú aldrei, þetta er þriðji kokteillinn sem ég er á. Hinir tveir kokteilmirnir hafa brugðist þannig að hvað á ég marga kokteila eftir? 1-2-3 kokteila kannski og hvað svo? Mér finnst þetta, ég veit ekki hvort fólk mundi telja mig sem sagt vanþakklátan. Það verður bara að vera þeirra skoðun. En auðvitað er þetta nýtt líf ég segi það ekki. Ég er að skríða upp úr áfallinu svona hænuft. Ég er að byrja t.d. að þora að leyfa mér að sjá einhverja skólagöngu, námskeið, vera að læra eitthvað í kvöldskóla. Ég var að taka upp aftur að vinna við listhönnun, gera eitthvað fyrir sjálfan mig, eitthvað skapandi. En það er svona kvíðahnútur hér, ég er með kvíðahnút sem sagt eitthvað sem segir: En Donni, geturðu þetta, geturðu leyft þér þetta, máttu þetta? Sko þú ert búinn að verða fyrir svo miklum vonbrigðum oft. Ég var að rísa upp úr svona holu og þá kom sýking og ég féll niður í öldudal og ég spyr hérna, það er svona lítill krakki inni í mér sem segir þú veist, á ég að treysta þessu? Þetta er, mér finnst þetta mjög bara erfitt. Treysti ég þessu? Og þetta já er svolítið mikið mál. Hversu lengi á ég að treysta þessu? Á ég að gefa þessu langan séns eða? Ég er að reyna, ég er að reyna.